

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/869*  
*komudagur 21.1.2014*

Húsavík, 16. janúar 2014

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning stjórnýslu um málefni hreindýra til hreindýraráðs, sbr. þingskjal 255 - 202. mál.**

Með tölvupósti dags. 6. janúar 2014 óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn um eftirfarandi þingsályktunartillögu: " Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að hefja undirbúning að flutningi stjórnýslu um málefni hreindýra til hreindýraráðs." Með tillögunni fylgdi stutt greinargerð þar sem farið var yfir ástæður fyrir innflutningi hreindýra til landsins, fyrirkomulag veiðistjórnunar og færð rök fyrir flutningi stjórnýslu málefna hreindýra til hreindýraráðs.

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum til samræmis við lög nr. 64/1994. Ekki er hægt að sjá að mögulegur flutningur stjórnýslunnar hafi áhrif á hlutverk Náttúrustofunnar. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um stofninn þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðipól, ástand stofnsins og ágang hreindýra. Lykilákvæðanir stjórnýslunnar um árlegan veiðikvóta og mat á ágangi hreindýra byggja á vöktunarstarfi Náttúrustofunnar. Erfiðlega hefur gengið að tryggja Náttúrustofunni fjármagn til þess að sinna vöktuninni þrátt fyrir skýr ákvæði í 14. gr. laga nr. 64/1994 um að tekjur af felldum dýrum skuli standa undir kostnaði við vöktunina. Samtök náttúrustofa telja brýnt að bæta úr þessu, enda er vöktunin undirstaða sjálfbærrar nýtingar á hreindýrastofninum.

Hreindýraráð annaðist umsýslu og stjórnun hreindýraveiða þar til verkefni ráðsins voru flutt til Umhverfisstofnunar árið 2003. Sú þingsályktunartillaga sem hér er til umfjöllunar gengur út á að hefja undirbúning að flutningi þessara verkefna aftur til hreindýraráðs. Erfitt er að ráða af tillögunni hvaða verkefni Umhverfisstofnunar eigi að flytja til hreindýraráðs. Báðir aðilar hafa sinnt þessu hlutverki með sóma. Samtök náttúrustofa hafa enga skoðun á því hvor aðilinn gerir það í framtíðinni, svo lengi sem stjórnýslan er vönduð, fagleg og skilvirk. Verði tillagan samþykkt er mikilvægt að náð samráð sé haft við hlutaðeigandi aðila á öllum stigum undirbúnings og framkvæmdar breytinganna.

Samtök náttúrustofa gera eftirfarandi athugasemdir við greinargerð með fram kominni þingsályktunartillögu:

- Umsýsla og málefni hreindýra og hreindýraveiða heyrir ekki að öllu leyti undir yfirstjórn Umhverfisstofnunar. Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum. Þá er yfirstjórn í höndum umhverfis- og auðlindaráðherra.
- Vöktun á hreindýraveiðum er ekki í höndum Náttúrustofu Austurlands. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með hreindýraveiðum.
- Eftirlit með hreindýrastofninum var ekki flutt úr heimabyggð við skipulags- og lagabreytinguna árið 2003. Eftirlitið heyrir undir Náttúrustofu Austurlands og er því í heimabyggð.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa



Þorkell L. Þórarinnsson